

Ársþing Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar var haldið fimmtudaginn 12. maí 2011 að Hóli, Siglufirði og hófst það kl. 18:00.

Dagskráin þingsins er eftirfarandi, sbr. 13. gr. laga UÍF:

1. Formaður UÍF setur þingið.
2. Kosning þingforseta og þingritara.
3. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar.
4. Álit kjörbréfanefndar.
5. Lögð fram árskýrsla stjórnar svo og skoðaðir reikningar seinasta árs.
6. Umræður um ársskýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Ávörp gesta.
8. Kosning þingnefnda: kjörnefnd (3), allsherjar- og laganefnd (5) og fjárhagsnefnd (3)
9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.

ÞINGHLÉ

12. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
13. Kosningar. Álit kjörnefndar
14. Kosning stjórnar, sbr. 16. grein. Skal formaður kosinn sér, en hina í einu lagi. Stjórnin skiptir með sér verkum, í þau störf er um getur í 16. grein.
15. Kosning skoðunarmanna, (tveir aðalmenn og tveir varamenn).
16. Önnur mál.
17. Þingslit.

Þingögn samanstóðu af skýrslu og ársreikningum UÍF, lögum UÍF, tillögum að lagabreytingum, reglugerð fyrir lottóið, UMFÍ fréttum og ársskýrslum og ársreikningum frá aðildarfélögum UÍF.

Fundargerð

1. Formaður UÍF, Guðný Helgadóttir setti þingið; og bauð alla velkomna. Hún bauð Friðrik Einarsson frá ÍSÍ, Björg Jakobsdóttur varaformann UMFÍ og Unnar Má Pétursson formann frístundanefndar sérstaklega velkomin. Guðný fagnaði því hversu vel var mætt á þingið. Hún minntist látins félaga úr íþróttahreyfingunni Freys Sigurðssonar en hann lést á árinu. Fundargestir stóðu upp og minntust hans en Guðný

fór yfir störf hans meðan hans naut við. Guðný fór yfir í stuttu máli yfir störf stjórnar, hvaða verkefni væru framundan og hverju væri lokið.

2. Kosning þingforseta og þingritara.

Stungið var upp á Gísla Rúnari Gylfasyni sem þingforseta og Brynju Ingunni Hafsteinsdóttur sem þingrita. Það var samþykkt einróma.

Þingforseti tók þá til máls, þakkaði traustið og bauð gesti velkomna.

3. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar.

Stungið var upp á Maríu Jóhannsdóttur TBS og að með henni í nefndinni yrðu Rögnvaldur Jónsson SkÓ og Rósa Jónsdóttur frá GKÓ. Formaður nefndarinnar var Rögnvaldur Jónsson.

Það var samþykkt einróma.

4. Álit kjörbréfanefndar.

Á meðan kjörbréfanefnd fór yfir kjörbréfin var kynnt nýtt merki UÍF. Þinggestir fóru út á pall og fylgdust með þegar fána UÍF með nýju merki var flaggað í fyrsta sinn. Höfundur merkisins er Jón Ingiberg Jónsteinsson. Hann gat ekki verið viðstaddur kynningu á merkinu en hefur ákveðið að ánefna Skíðaminjasafni Siglufirði verðlaunafénu, 30.000 kr., til minningar um Jón Þorsteinsson skíðagarp en hann var afi höfundar merkisins. Gislína fulltrúi stjórnar UÍF í dómnefnd um samkeppni á merki UÍF rakti hvernig staðið var að tillögunni en dómnefndinni barst 31 tillaga frá 11 einstaklingum. Einróma álit nefndarinnar var að velja það merki sem kynnt var á þinginu og samþykkti stjórn UÍF val dómnefndar. Fulltrúi Skíðaminnjasafns Siglufjarðar, Jón Andrés Hinriksson, tók við verðlaunafénu.

Þá kynnti Rögnvaldur formaður kjörbréfanefndar álit sitt.

Af 35 skráðum fulltrúum samkvæmt kjörbréfum voru 33 mættir. Kjörbréfnefndin sá ekkert athugasvert við kjörbréfin og telur þau gild. Ungmennafélagið Vísir, Hestamannafélagið Gnýfari og Vélsleðafélag Ólafsfjarðar mættu ekki á þingið og skiluðu ekki inn kjörbréfum, atkvæði þeirra detta því niður.

5. Lögð fram ársskýrsla stjórnar og skoðaðir reikningar síðasta árs.

Guðný formaður UÍF las upp skýrslu stjórnar. Guðný fór yfir hverjir sitja í stjórn og hverjir eru varamenn. Hún útskýrði að þetta væri fyrsta kjörna stjórn UÍF og um hve marga stjórnarmenn yrði kosið. Guðný rakti störf stjórnar og hefur það starf verið mjög skilvirkt. Ingibjörg Ásgeirsdóttir starfsmaður voru þökkuð góð störf og nýr starfsmaður kynntur. Guðný fór einnig yfir hlut Gísla Rúnars Gylfasonar en hann hefur verið UÍF mjög innan handar. Guðný sagði einnig frá heimasíðu UÍF sem Gísli hefur umsjón með og

léninu @uif.is sem keypt var fyrir héraðssambandið. Hvatti hún aðildarfélög til að nýta heimasíðuna og koma með ábendingar um hvað mætti setja þar inn. Guðný sagði frá sameiningu KS og Leifturs í KF og óskaði hún félögunum til hamingju með sameininguna. Sagði hún einnig að samvinna annarra félaga hafi aukist og hvatti félög til frekari samvinnu og sameiningar.

Á formannafundi í desember voru drög að skiptareglum styrkja frá Fjallabyggð og reglum um skiptingu hlutdeildar UÍF í Íslenskri Getspá (lottó), tekin fyrir og rakti Guðný ákvarðanir þess fundar. Á formannafundi í mars voru formenn aðildarfélaga boðaðir svo og annar fulltrúi félags. Var það gert til að fleiri innan aðildarfélags gætu fylgst með. Á formannafundinum var m.a. ákveðið að UÍF fengi 5% af styrk Fjallabyggðar. Guðný rakti einnig mikilvægi þess að Fjallabyggð styddi vel við starfs UÍF og hefur sveitarfélagið gert það. Ómetanlegt er einnig samstarf og stuðningur ÍSÍ og UMFÍ.

Að lokum þakkaði Guðný aðildarfélögunum fyrir gott samstarf svo og öllum félagsmönnum og voru lokaorð hennar: Látið í ykkur heyra og takið virkan þátt í starfi að halda uppi miklu íþróttastarfi í Fjallabyggð.

Sigurður Gunnarsson gjaldkeri UÍF gerði grein fyrir ársreikningum UÍF

Rekstrartekjur UÍF voru: 18.841.220 kr.

Rekstrargjöld voru: 16.175.818 kr.

Fjármunatekjur voru: 42.234 kr.

Hagnaður var: 2.707.645 kr.

Varanlegir rekstrarfjármunir voru: 38.364.992 kr.

Veltufjármunir voru: 4.039.973 kr.

Eigið fé var: 42.095.939 kr.

Skammtímaskuldir voru: 309.026 kr.

Eigið fé var: 42.404.965 kr.

6. Umræður um ársskýrslu og reikninga fóru fram og voru svo lagðir fram til samþykktar.

Forseti gaf orðið laust um reikninga og skýrslu UÍF. Guðrún Árnadóttir spurði af hverju getraunir væru 0 kr. Guðný sagði að það væri vegna þess að þetta hefði ekki verið greitt til UÍF fyrr en í janúar á þessu ári.

Enginn annar bað um orðið og voru ársreikningur UÍF lagðir fram til samþykktar. Þeir voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ávörp gesta.

Björk Jakobsdóttir varaformaður UMFÍ tók til máls. Hún færði þinginu góðar kveðjur frá formanni og stjórn UMFÍ. Hún óskaði öllum til hamingju með nýja merkið og samþykka reikninga og starfsskýrslu. UMFÍ stendur fyrir unglíngalandsmóti og hvatti hún til þátttöku þar en það verður næst á Egilsstöðum. Síðan væri röðin komin að Selfossi. Margar umsóknir hafi borist um að halda mótin árin 2013 og 2014. Hún minnti á heimasíðuna umfi.is. og hvatti ungt fólk til að skoða hana. Evrópa og ungarfólkið, euf.is, var einnig kynnt og hvatti hún alla til að kynna sér það á heimasíðunni en þar séu ýmis spennandi verkefni. Hún rakti einnig íþróttir fyrir eldri, þ.e. Landsmóti UMFÍ 50+. Hún hvatti félögin til að vera með fasta áskrift af lottó það væri allra hagar. Hún sagði frá starfshópi ráðherra um aðgang annarra að lottó, menntamálaráðherra hefði ekki verið hlyntur því. Alþingi veitti Íslenskum getraunum starfsleyfi og rennur það ekki út fyrr en árið 2019. Hvatti hún aðildarfélög til að verja hlut íþróttahreyfingarinnar því mikið sé í húfi. Í dag leggur UMFÍ áherslu á fræðslu og forvarnir ásamt mörgu öðru. Þakkaði hún öllum fyrir vel unnin störf.

Hún óskaði eftir að fá að afhenda starfsmerki UMFÍ og sagði að vel yrði að vinna að stöfum umgennahreyfingarinnar til að öðlast það. Að því búnu heiðraði hún Þórarinn Hannesson og Jón Konráðsson. Þórarinn tók við merkinu en Jón var ekki viðstaddur og tók Guðný við því fyrir hans hönd.

Friðrik Einarsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ tók svo til máls. Kveðjur forseta ÍSÍ voru fluttar og framkvæmdastjórnar, sérstakar kveðjur væru frá Siglfríðingum í stjórn. Hrósaði hann UÍF fyrir starfsskýrsluna og það góða starfs sem unnið hefur verið. Dáðist hann af samstarfinu og hversu vel það hefur gengið. Göngin hafa verið mikil búbót. Hann er mjög ánægður með störf UÍF og kvað gaman vera að fylgjast með sameiningu KS og Leifturs í KF. Hann tók undir skilaboð stjórnar UÍF um að stefna ætti að því að sameina fleiri félög og kanna samlegðaráhrif. Hvatti hann aðildarfélögin til að vinna vel með viðkomandi sérsamböndum. Mikilvægt væri að mæta á fundi hjá sérsamböndum og kynnast fólki þar. Hann bauð einnig fram aðstoð sína svo og ÍSÍ. Ræddi hann einnig mikilvægi Felix og hvatti alla til að nota hann. Einnig að sækja um í ferðastyrki en þeir væru mikil lyftistöng fyrir félög út á landi og greiða niður ferðakostnað. Hann minntist einnig á slyasjóð ÍSÍ og að sá sjóður sé vegna læknakostnaðar eftir sly og hvatti til að hann yrði nýttur. Óskaði hann UÍF til hamingju með nýja merkið og hvatti hann aðildarfélög til að setja það einnig á heimasíður félaganna. Þakkaði hann einnig fyrir stuðning UÍF við framboð sitt til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og hvatti alla til að hafa samband við sig, hann væri til þjónustu reiðubúinn.

Unnar Már Pétursson var næstur á mælendaskrá. Hann ræddi starfið í frístundanefnd. Markmið nefndarinnar er að hafa sem fjölpættastar íþróttir og frístundir í Fjallabyggð

með áherslu á börnin. Starf íþróttafélaganna sé samfélaginu ómetanlegt. Frístundanefnd hafi unnið úr því fjármagni sem lagt er til íþrótt- og frístunda. Markmiðið hafi verið að draga úr kostnaði við mannvirki en auka styrki til félaga og sambandsins. Hann kynnti einnig frístundastyrki. Sendar yrðu út ávísanir til forráðamanna barna og upphæðin, 6000 kr., yrði eyrnamerkt hverju barni. Hægt væri að nota upphæðina hjá þeim aðilum sem hafi gert samkomulag um notkun þeirra. Markmiðið sé að fá virkni á sem flesta þannig að allir taki þátt. Hann hvatti alla til dáða í starfinu og óskaði öllum góðs gengið.

Gísli skilaði kveðju frá bæjarstjóra og bæjarstjórn.

8. Kosning þingnefnda.

Forseti lagði til að bíða með kosningu í laganefnd og fjárhagsnefnd. Enginn mótmælti og var það því samþykkt.

Forseti óskaði eftir tillögum um þrjá aðila í kjörnefnd. Lagt er til að Kristín Úlfsdóttir, Sigurbjörg Gunnólfsdóttir og Þorvaldur Guðbjörnsson taki sér nefndarstörf og var það samþykkt samhljóða.

9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár..

Sigurður Gunnarsson gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlunina og fór yfir hana lið fyrir lið. Tekjur yrðu alls 18.882.238 kr. og gjöld yrðu samtals 18.740.127 kr. Tekjuafgangur kr. 82.211.

10. Tillögur og önnur máls sem borist hafa til stjórnar.

Engar tillögur bárust til stjórnar.

11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.

Tillögur að lagabreytingum voru kynntar aðildarfélögum með tölvupósti.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á lögum UÍF:

1. kafli .

2. gr. c) Að vera fulltrúi aðildarfélaganna á vettvangi ÍSÍ og UMFÍ.

Breytist og verður þanning:

2. gr. c) Að vera fulltrúi aðildarfélaganna á vettvangi ÍSÍ og UMFÍ **og sérsambanda.**

2. gr. e) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.

Breytist og verður þanning:

2. gr. e) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt *í því skyni*

2. gr. h) Að staðfesta lög aðildarfélaga.

Breytist og verður þanning:

2. gr. h) Að staðfesta lög **og allar lagabreytingar** aðildarfélaga **auk þess að halda utan um staðfest lög aðildafélaga**

2. gr. i) nýr liður (aðrir liðir sem á eftir koma breytast sem því nemur)

Að tilkynna ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda, sbr. 4. gr.

2. gr. i) Að fylgjast með því að starfsemi sambandsfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþrótta- og ungmennahreyfingarinnar. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn UÍF, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Breytist og verður þanning:

2. gr. j) Að fylgjast með því að starfsemi sambandsfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþrótta- og ungmennahreyfingarinnar. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn UÍF, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. **Í því skyni skal UÍF hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn UÍF tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.**

2. kafli.

3. gr. Þau félög sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni og hafa lögheimili á héraðssvæðinu, hafa rétt til að vera aðilar að UÍF, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem sett eru í lögum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og UÍF

Breytist og verður þanning:

3. gr. Þau **aðildarfélög með lögheimili á héraðssvæðinu**, sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni **og hafa verið samþykkt af ÍSÍ, eiga rétt á að vera aðilar að UÍF**, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem sett eru í lögum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og UÍF.

4. gr. Nú óskar félag að gerast aðili að UÍF, sendir það þá stjórn UÍF umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag og ár, stjórn félagsins og félagatal. Stjórn UÍF hefur úrskurðarvald um

inngöngu nýrra félaga. Samþykki stjórn UÍF inngöngu nýs félags, öðlast það þegar keppnisréttindi UÍF. Inngönguna skal staðfesta á næsta þingi UÍF og verður félagið þar fullgildur aðili að UÍF. Á því þingi hefur félagið seturétt.

Breytist og verður þanning:

4. gr. Nú óskar félag að gerast aðili að UÍF, sendir það þá stjórn UÍF umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag og ár, stjórn félagsins og félagatal. Stjórn UÍF hefur úrskurðarvald um inngöngu nýrra félaga. Samþykki stjórn UÍF inngöngu nýs félags, öðlast það þegar keppnisréttindi UÍF. **Skal þá stjórn UÍF tilkynna ÍSÍ og UMFÍ aðild nýs félags.** Inngönguna skal staðfesta á næsta þingi UÍF og verður félagið þar fullgildur aðili að UÍF. Á því þingi hefur félagið seturétt.

4 gr.a Hafri félag á stefnuská sinni fleiri en eina íþróttagrein er félaginu heimilt að stofna deild um hverja þeirra, samanber lög viðkomandi félags. Stofnun deilda skal tilkynna til UÍF og viðkomandi sérsambands.

8. gr. Félag getur misst öll réttindi sín innan UÍF um stundarsakir, ef það brýtur gildandi lög um íþróttamál, svo og lög, reglur eða ákvæði UÍF og lög sambanda, sem sambandið er meðlimur í. Stjórn UÍF tekur ákvörðun um brottvikningu.

Breytist og verður þanning:

8. gr. Félag getur misst öll réttindi sín innan UÍF um stundarsakir, ef það brýtur gildandi lög um íþróttamál, eða lög, reglur eða ákvæði UÍF og lög sambanda, sem sambandið er meðlimur í. Stjórn UÍF tekur ákvörðun um brottvikningu. **Ákveði ársþing UÍF að vikja félagi úr því er UÍF skylt að tilkynna það til ÍSÍ og UMFÍ og viðkomandi sérsambandi.**

3. kafli

11. gr. Þing UÍF skal halda árlega, fyrir maí lok og skal það haldið í Ólafsfirði og á Siglufirði til skiptis. Til þings UÍF skal boða bréflega, með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing skal senda félagsstjórnnum dagskrá þingsins og tillögum sem borist hafa ásamt tillögum er stjórnin hyggst leggja fyrir þingið. Félög skulu senda stjórn UÍF sínar tillögur um lagabreytingar og aðrar tillögur, sem félag óskar að verði ræddar á næsta þingi þremur vikum fyrir þing. Tillögur að lagabreytingu þurfa að koma fram í fundarboði.

Breytist og verður þanning:

11. gr. Þing UÍF skal halda árlega, fyrir maí lok og skal stefnt að því að það sé haldið í Ólafsfirði og á Siglufirði til skiptis. Til þings UÍF skal boða bréflega, með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing skal senda félagsstjórnnum dagskrá þingsins og tillögum sem borist hafa ásamt tillögum er stjórnin hyggst leggja fyrir þingið. Félög skulu senda stjórn UÍF sínar tillögur um

lagabreytingar og aðrar tillögur, sem félag óskar að verði ræddar á næsta þingi þremur vikum fyrir þing. Tillögur að lagabreytingu þurfa að koma fram í fundarboði. **Framlagning gagna fyrir og á ársþingi má vera í rafrænu formi, verði því við komið.**

Ný grein, 18. gr. a

Ef stofnað er sérráð skal stjórn UÍF gera starfsreglur fyrir sérráðið og kynna það sérsambandi í viðkomandi íþróttagrein.

ANNAÐ; Í þeim greinum þar sem talað er um félög, félag eða sambandsfélög verður því breytt í aðildarfélög þar sem það á við.

Guðný sagði frá ástæðu lagabreytinganna og var það vegan breytinga á lögum ÍSÍ sem gerðar voru á Íþróttþingi nú í apríl, er verið að skerpa á hlutverki héraðssambanda/bandalaga.

Þinghlé. Í þinghlé voru veitingar í umsjón Ungmennafélagsins Glóa og TBS .

12. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.

Í ljósi þess að ekki var kosið í laganefnd og allsherjarnefnd eru álit nefnda ekki tekin fyrir.

Þingforseti fór yfir lagabreytingar tillögur lið fyrir lið og bar upp til atkvæða.

Tillaga að breytingu á 2. gr.c; Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Næst er greidd tillaga um 2. gr. e; Guðrún Árnadóttir gerði athugasemd við breytinguna og útskýrði Guðný tilgang breytinganna. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

Þá var greidd atkvæði um tillögu að 2. gr. h; Tillagan samþykkt samhljóða.

Þá var greidd atkvæði um 2. gr. i; Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var greidd atkvæði um 2. gr. j; Tillagan því samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá voru greiddi atkvæði um 3. gr.; Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá voru greidd atkvæði um 4. gr.; Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá voru greidd atkvæði um 4. gr.a; Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá voru greidd atkvæði um 8. gr.; Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá voru greidd atkvæði um 11. gr.; Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá voru greidd atkvæði um 18. gr. a; Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Samræming á heitinu félag, aðildarfélag og sambandsfélag í aðildafélaga var samþykkt samhljóða.

Lögin eins og þau munu líta út eftir breytingar voru borin undir atkvæði og voru þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

13. Kosningar, álit kjörnefndar

Þeir sem voru í framboði til stjórnarkjörs kynntu sig. Guðný kynnti lög UÍF og tilkynnti að þar sem Gnýfari og Vélsleðafélagið hafi ekki skilað inn gögnum hafi félögin ekki atkvæðisrétt í kosningunni. Hún tilkynnti einnig að stjórn UÍF hefði ákveðið að gera Vísi að óvirku félagi. Félagið fái þá ekki send gögn og hafi ekki rétt til setu á þingi eða formannafundi. Hefjist starfsemi á ný í félaginu geti það óskað eftir að ákvörðun stjórnar verði endurskoðuð.

Þá voru greidd atkvæði og kjörnefnd tók til starfa. Kjósa skal þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Merkt var við sex einstaklinga á kjörseðli.

Á meðan kjörnefnd taldi atkvæðin kynntu aðildarfélögin sig og starfsemi sína.

Þingforseti, sem einnig er íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Fjallabyggðar þakkaði stjórninni fyrir góða samvinnu.

14. kosning stjórnar, sbr 16. grein laga UÍF

Atkvæði í stjórn UÍF voru eftirfarandi:

Ásgeir H. Bjarnason með 27 atkvæði

Edda Henný Símonardóttir með 28 atkvæði

Jóhanna Þorleifsdóttir með 24 atkvæði

Guðlaugur Magnús Ingason með 4 atkvæði

Bryndís Hafþórsdóttir 25 atkvæði

Þorgeir Bjarnason 28 atkvæði

María Elín Sigurbjörnsdóttir 31 atkvæði

Helga Kristín Einarsdóttir 21 atkvæði

Grétar Björnsson 9 atkvæði

Réttkjörnir aðalmenn eru því María Elín, Edda Henný, og Þorgeir Bjarnason. Varamenn eru 1. Ásgeir Bjarnason, 2. Bryndís Hafþórssdóttir og 3. Jóhanna Þorleifsdóttir.

Kosning formanns; Guðrún Árnadóttir stakk upp á Guðný Helgadóttur formanns UÍF og var hún kosin einróma og telst rétt kjörinn formaður.

15. Kosning skoðunarmanna.

Lögð er fram tillaga um Kristján Hauksson og Þórarinn Hannesson. Það er samþykkt samhljóða. Varamenn voru ekki tilnefndir.

16. Önnur mál

Guðrún Árnadóttir spurðist fyrir um hvort að eyðublað til styrkumsókna úr Verkefnasjóði UÍF væri inná heimasíðu UÍF og sagði Gísli að það ekki vera en að úr því yrði bætt. Vefurinn væri í stöðugri mótun og unnið inná hann jafnóðum. Fékk hún eyðublaðið í hendur á meðan fyrirspurn stóð.

Björn Þór Ólafsson óskaði stjórninni til hamingju með kosninguna og Guðný til hamingju með formanskjörið. Áhugamál hans eru skíðaíþróttir og vildi hann skýra hvers vegna iðkenndum í Skíðafélagi Ólafsfjarðar hefði fækkað á Ólafsfirði en það væri bæði vegna aðstöðuleysis og snjóleysi. Starfið hafi verið mjög öflugt á tímabili og átti félagið m.a. ólympíufara. Hann vék einnig að frístundanefnd þ.e. hvað hún hafi komið lítið að skíðamálum á Ólafsfirði. Snjóbyssur hafi verið keyptar af frumkvæði félagsins og skálinn hafi verið byggður upp af félaginu en bæjarstjórn hafi hafnað því að aðstoða við byssukaupin. Honum finnst illa hafa verið komið fram við Skíðafélag Ólafsfjarðar.

Björg Jakobsdóttir óskaði nýrri stjórn til hamingju og hvatti hana til að vera í sambandi við stjórn UÍMF. Hún þakkaði fyrir frábærar veitingar. Hún var ánægð með kynningu á félögum og fagnaði því fyrirkomulagi og vonaði að fleiri tækju það upp.

Guðný þakkaði hlý orð í garð stjórnar UÍF. Hún ræddi úthlutunarreglur um hlutdeild UÍF í lottó hagnaði en leggja þær reglur fyrir ársþingið. Gísli fór yfir úthlutunarreglurnar og Guðný vísaði sérstaklega til 5. gr. reglnanna og bað aðildarfélög um að kynna sér hana. Þeir sem ekki sitji þingið í dag missi af hlutdeild í íslenskri getsþá. Tillagan um skiptingu á lottótekjum var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Gísli þakkaði fyrir gott þing og óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju.

Guðný þakkaði traustið og hlakkar til að vinna með nýrri stjórn. Hún tilkynnti að allir stjórnarmenn yrðu boðaðir á fundi, þ.e. bæði aðalmenn og varamenn. Hún fór yfir gott starf aðildarfélaga og vildi koma því á framfærði við styrktaraðila að það væri

eftirsóknarvert að fjárfesta í aðildarfélögum. Hún fór yfir fyrirmyndarfélög og að flest félög skyldu stefna að því. Hún ræddi Vetrarleikana 2012 og að fljótlega yrði sett á laggirnar framkvæmdastjórn um þá. Hún tilkynnti að skýrsluskil í Felix hefðu verið 100%. Skýrsluskil fyrir styrk Fjallabyggðar var 31. mars og áréttaði hún að virða þessi tímamörk. Styrkurinn er tilbúin til útborgunar og verður greiddur út öðru hvoru megin við helgina. Lottó verð greitt út í febrúar eins og segir í relgum og styrkinn í kringum þingið.

Guðný þakkaði fráfarandi stjórn og starfsmönnum einstaklega gott og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

Hún sleit öðru ársþingi UÍF.

Þingi slitið kl. 21:20.

Þingfulltrúar:

Golfklúbbur Siglufjarðar: Þorsteinn Jóhannsson og Þröstur Ingólfsson

Hestamannafélagið Glæsir: Kristín Úlfsdóttir, Edda Henný Símonardóttir og Símon Helgason

Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar: María Jóhannesdóttir, María Elín Sigurbjörnsdóttir og Elín Björg Jónsdóttir.

Skotfélag Ólafsfjarðar: Rögnvaldur Jónsson og Jón H. Njálsson

Skíðafélag Ólafsfjarðar: Sigurpáll Gunnarsson, Björn Þór Ólafsson, Jón V. Baldursson og Benedikt S. Hallgrímsson.

Ungmennafélagið Glói: Gislína Anna Salmannsdóttir, Þórarinn Hannesson og Margrét Einarsdóttir

Íþróttafélagið Snerpa: Guðrún Árnadóttir og Þórey Guðjónsdóttir

Skíðafélag Siglufjarðar Skíðaborg: Baldvin Kárason og Sigurbjörg Gunnólfsdóttir

Golfklúbbur Ólafsfjarðar: Sigurður Gunnarsson, Rósa Jónsdóttir og Björg Traustadóttir

KF: Hlynur Guðmundsson, Gabriel Reynisson, Þorvaldur Guðbjörnsson, Ólafur G. Guðbrandsson, Sigríður Ingimundar, Heiðar Gunnólfsson, Agnar Þór Sveinsson og Halldór Logi Hilmarsson.

